

Þýðingar í borðabókunum

Síðast uppfært 24/06/2026 11:22 am BST

Í Noona HQ er hægt að þýða alla texta sem birtast við bókanir, á markaðstorginu og í tölvupósti og SMS-samskiptum við viðskiptavini. Þýðingar birtast síðan út frá stillingum notenda.

Þetta tryggir hnökralausa upplifun á markaðstorginu, í Noona HQ og í öllum samskiptum við viðskiptavini.

🔍 Hvar stilla notendur tungumálið?

Viðskiptavinir þínir og starfsmenn sjá þær þýðingar sem passa við tungumálastillingarnar þeirra.

Noona HQ notendur

Starfsfólk getur valið á hvaða tungumáli þau vilja stilla sinn aðgang. Það er gert með því að fara undir **valmynd - stillingar - almennt**.

Noona notendur

Viðskiptavinir þínir geta sömuleiðis stillt tungumálið eftir sínum þörfum. Inn á noona.is er það gert efst uppi í hægra horninu og í Noona appinu er smellt á persónuna uppi í hægra horninu og smellt á hnöttinn neðst niðri á skjánum.

Hægt er að velja sjálfvalið tungumál fyrir útsendar áminningar eins og SMS skilaboð og tölvupósta. Ef viðskiptavinur er með Noona appið stillt á öðru tungumáli þá ræður tungumálið í appinu á hvaða tungumáli þau fá áminningarnar.

Hvar? Valmyndi -> stillingar -> upplýsingar -> tungumál áminninga.

📝 Hvað er hægt að þýða?

Hægt er að þýða alla texta sem birtast við bókanir, á markaðstorginu og í samskiptum við viðskiptavini í tölvupósti og SMS-um.

1. Titla á upplifunum.
2. Lýsingar á upplifunum.
3. Titla og lýsingar á **gjafabréfum**.
4. Lýsing á **fyrirtækinu**.
5. **Staðfestingarskilaboð**.
6. Skilaboð sem sendast við **bókunarboð**.
7. Nöfn á borðum.
8. Sérniðin **SMS áminningarskilaboð**.
9. **Bókunarstaðfesting**.

0. Bókunarspurningar.

? Hvaða tungumál er hægt að þýða á?

íslensku, ensku, spænsku, frönsku, portúgölsku, tékknesku og rússneska.

? Hvar finn ég þessar stillingar?

Titill á upplifunum

Hvar? *Valmynd - upplifanir - velur viðkomandi upplifun - smellir á hnöttinn eða bæta við hjá nafn upplifunar.*

Breyta upplifun

Upplýsingar Netbeiðnir

Grunnupplýsingar

Nafn upplifunar Smakkseðill 2

Lýsing Breyta 1


Leyfðu okkur að leiða þig í gegnum einstaka matarupplifun þar sem bragð, áferð og frumleg hugmyndafærði mætast í hverjum bita. Smakkseðillinn okkar býður upp á úrval rétta sem endurspeglar árstíðirnar og ferskustu hráefnin sem í boði eru.

Þú getur valið á milli smakkseðils með vínþorun eða án áfengis, þar sem drykkimír eru sérvaldir til að lyfta bragðinu og gera upplifunina heildstæða. Hvort sem þú kóst vín, kokteilla eða áfengislausu drykki, tryggjum við að hvert glas sé hugsað með sama metnaði og hver réttur.

Komdu og njóttu kvílds þar sem allt snýst um smekk, stemmingu og góðar stundir.

Litur

Lengd 2:00 klst



Lýsingar á upplifunum

Hvar? *Valmynd - upplifanir - velur viðkomandi upplifun - smellir á hnöttinn eða bæta við hjá lýsing.*

Titlar og lýsingar á gjafabréfum

Hvar? *Valmynd - stillingar - gjafabréf - velur viðkomandi gjafabréf - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Lýsing á fyrirtækinu

Þessi texti birtist undir 'um okkur' inn á Noona prófíl fyrirtækis.

Hvar? *Valmynd - stillingar - netbeiðnir - prófíll - lýsing.*

Staðfestingarskilaboð

Þessi skilaboð verða sýnileg á staðfestingarsíðunni eftir bókun og innifalin í staðfestingarpóstinum sem viðskiptavinir þínir fá eftir að bókun þeirra hefur verið staðfest.

Hvar? *Valmynd - stillingar - netbeiðnir - sýnileiki - skrollar niður undir staðfesting - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Nöfn á borðum

Hvar? *Valmynd - stillingar - borð - velur viðkomandi borð - smellir á hnöttinn eða bæta við hjá nafn á borði.*

Sérsmíðin SMS skilaboð

Hvar? *Valmynd - áminningar - stofnar áminningu - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Bókunarstaðfesting

Staðlaður tölvupóstur sem sendist út þegar tími hefur verið bókaður.

Bókunarspurning

Hvar? *Valmynd - upplifanir - velur viðkomandi upplifun - netbeiðnir - skrollar niður undir bókunarspurning - smellir á hnöttinn eða bæta við.*

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbútbluna eða á netfangið hq@noona.is.
